



**410. fundur Þingvallanefndar  
27. ágúst 2014**

Fundur haldinn á skrifstofu Þingvallanefndar miðvikudaginn 27. ágúst 2014. Mættir voru Sigrún Magnúsdóttir formaður, Birgir Ármannsson varaformaður, Unnur Brá Konráðsdóttir, Oddný Harðardóttir, Haraldur Einarsson, Ólafur Örn Haraldsson og Hrefna Jónsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stýrði;

Formaður þakkaði þjóðgarðsverði fyrir höfðinglegar móttökur í húsi hans á Laugarvatni eftir fund PVN og forsætisnefndar á Þingvöllum þann 3. júní sl. Aðrir nefndarmenn tóku undir orð formanns.

1. Framkvæmdir sumarsins.

Guðbjartur Ólafsson, verkefnastjóri hjá Framkvæmdasýslu ríkisins, fór yfir framkvæmdir sumarsins, áætlanir og fjárhagsstöðu verkefna sem Framkvæmdasýslan heldur utan um fyrir þjóðgarðinn á Þingvöllum.

2. Veitinga- og samkomustaður á Þingvöllum, staðarval og þjónustupættir.

Formaðurinn lagði fram til kynningar vinnuskjal sem eru drög að yfirlýsingu um samkomustað þings og þjóðar og móttöku gesta.

Einnig lögð fram að nýju skýrsla frá VSÓ ráðgjöf dags. 14.11.2012: Valhöll á Þingvöllum, samanburður staðarkosta. Landrými, grundunarskilyrði og veitur.

Fundarmenn gerðu ekki athugasemdir við að unnið yrði áfram í anda þessarar kynningar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.00.